

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda  
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum  
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – seinni hluti  
2. nóvember 2020  
kl. 9:00 – 16:00**

***Ábendingar:***

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.*

*Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.*

## Verkefni 1 – 75 mín.

Þú stendur frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna áritunar á ársreikning 2019 eða árshlutareikning 2020. Það skal tekið fram að ekkert neðangreindra félaga er eining tengd almannahagsmunum (e. PIE) og gera þau upp eftir lögum um ársreikninga.

1. AA ehf. er fasteignafélag sem flokkast sem meðalstórt félag samkvæmt lögum um ársreikninga. Félagið hefur það að tilgangi sínum að leigja út verslunar- og veitingarými ásamt hótelum víðsvegar um land. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 var frágenginn 15. mars 2020 og var áritaður án fyrirvara. Í lánasamningum félagsins er kveðið á um að félaginu beri að skila af sér könnuðum 6 mánaða árshlutareikningi ár hvert til lánveitanda, ekki seinna en 31. ágúst. Í könnunaraðgerðum þínum vegna árshlutareiknings 2020 kemur í ljós að margt hefur breyst í rekstrinum frá síðustu áritun. Margir leigutakanna hafa orðið fyrir verulegum tekjumissi og sumir algjöru tekjuhruni í framhaldi af efnahagsþrengingum og því að ferðamannamarkaðurinn varð nánast að engu á skömmum tíma. Allir leigutakar hafa farið fram á viðræður um lækkun á leigu og margir þeirra hafa ekki getað greitt fulla leigu upp á síðkastið. Þetta hefur skapað lausafjárvanda hjá félaginu og það farið í að ræða við lánardrottna og hluthafa um stuðning við reksturinn. Félagið hefur verið að nýta öll tiltæk úrræði stjórnvalda og mun gera það áfram. Stjórnendur hyggjast greina frá lækkun tekna og framtíðarhorfum með ítarlegum hætti í skýringum með árshlutareikningi félagsins.
2. BB ehf. er heildsala og hefur verið lengi í endurskoðun hjá þér. Undanfarin ár hefur fyrirtækið verið flokkað sem meðalstórt en er orðið stórt félag frá og með árinu 2019 samkvæmt lögum um ársreikninga. Endurskoðunin gekk mjög vel, lítið var um álitamál og var allt tilbúið tímanlega þetta árið. Fyrirtækið er að leggja lokahönd á ársskýrslu sína en í ár var ákveðið að gera ársskýrslu í fyrsta sinn og birta hana á heimasíðu fyrirtækisins. Nú við frágang endurskoðunarinnar færð þú lokadrög af ársreikningi félagsins til yfirferðar. Við þá vinnu nýtir þú þér gátlista um upplýsingagjöf í skýringum og skýrslu stjórnar sem byggir á ákvæðum laga um ársreikninga. Þú verður þess fljótt áskynja að skýrsla stjórnar er nánast óbreytt frá fyrri árum og það mun ekki vera ætlun stjórnenda að uppfæra hana frekar. Telja stjórnendur að öll umfjöllun sem máli skiptir muni koma fram í ársskýrslu félagsins.
3. CC ehf. er þjónustufyrirtæki og flokkast í ár sem meðalstórt félag samkvæmt lögum um ársreikninga. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár með yfirtökum og samrunum við félög í sambærilegum rekstri. Við endurskoðun ársins hafa komið fram skekkjur sem hefur verið safnað saman á skekkjublað sem má finna í fylgiskjali 1. Nú líður senn að áritun og eru stjórnendur ekki sammála öllum atriðum á skekkjublaðinu og vilja vita hvaða áritun verði á ársreikningnum að óbreyttu, þ.e. ef engar leiðréttingar verða gerðar.

## Úrlausnarefni:

**Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:**

- A. Gerðu grein fyrir því hvaða áritun þú telur við hæfi í ofangreindum forsendum. Rökstyddu vel hvers vegna.
- B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu vel orðalag áritunarinnar.

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**

## **Verkefni 2 – 70 mín.**

Stjórnendur Framtíðarfélagssins hf. leita til þín sem sérfræðings í reikningshaldi með drög að rekstrar- og efnahagsreikningi félagsins fyrir árið 2019. Félagið var stofnað þann 1. janúar sama ár. Hlutfé að nafnverði 25.000 var selt fyrir 100.000 við stofnun félagsins.

Framtíðarfélagið hf. beitir ársreikningalögum og er starfrækslugjaldmiðill þess íslensk króna (ISK).

### ***Um hlutdeildarfélagið Future Company Ltd.***

*Fjárhæðir eru í breskum pundum (GBP)*

Framtíðarfélagið hf. keypti 30% eignarhlut í breska félaginu Future Company Ltd. þann 1. júlí 2019. Stjórnendurnir þekkja ekki reikningshaldslega meðhöndlun hlutdeildarféлага sem færð eru samkvæmt hlutdeildaraðferð. Einu færslurnar sem þeir hafa gert vegna hlutdeildarfélagssins voru vegna greiðslu kaupverðs á eignarhlutnum þann 1. júlí 2019 og arðs sem Framtíðarfélagið hf. fékk greiddan frá Future Company Ltd. þann 1. september sama ár. Arðinn færðu stjórnendur Framtíðarfélagssins hf. til tekna miðað við gengi bresks punds gagnvart íslenskri krónu á arðgreiðsludegi.

Ástæður þess að kaupverð var hærra en sem nam hlutdeild Framtíðarfélagssins hf. í eigin fé Future Company Ltd. á kaupdegi voru tvær:

1. Bókfært verð óefnislegra eigna Future Company Ltd. var 30 á kaupdegi en stjórnendur Framtíðarfélagssins hf. telja að þær séu miklu meira virði, nánar tiltekið 60. Óefnislegar eignir Future Company Ltd. eru afskrifaðar um 3 á ári en hrakvirði er talið vera núll í lok nýtingartíma. Stjórnendur Framtíðarfélagssins gera ekki athugasemdir við afskriftir eða að hrakvirði sé áætlað núll í lok nýtingartíma.
2. Viðskiptavild.

Í lok árs 2019 ákváðu stjórnendur Future Company Ltd. að endurmeta fasteignir félagsins. Bókfært verð þeirra var 100 fyrir endurmatið en 140 eftir endurmat. Endurmatið var réttilega fært með sama hætti og samkvæmt íslenskum ársreikningalögum.

Reikningsár Future Company Ltd. er almanaksárið.

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar en að framan greinir um hlutdeildarfélagið Future Company Ltd. er að finna í fylgiskjali 2. Í fylgiskjalinu er einnig að finna drög að rekstrar- og efnahagsreikningi Framtíðarfélagssins hf.

## Úrlausnarefni:

Stjórnendur félagsins biðja þig um aðstoð við tvennt og í því felst verkefni þitt:

- A. Gera allar færslur sem Framtíðarfélagið hf. á að gera vegna hlutdeildarfélagsins Future Company Ltd. á árinu 2019. Sýndu bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2019. Láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningsskilanna fært er sem og viðeigandi fjárhæðir (30 mín.).
- B. Setja fram yfirlit um breytingar á eigin fé fyrir skýringarluta ársreiknings Framtíðarfélagsins hf. fyrir árið 2019. Sýndu alla eiginfjárreikninga og viðeigandi fjárhæðir (40 mín.).

**Svarið í excel-svarskjali**

### Verkefni 3 – 40 mín.

DD ehf. er verslun sem selur varning fyrir ferðamenn. Fyrirtækið rekur fjölda sölustaða bæði í eigin nafni en jafnframt í samstarfi við aðrar verslanir. Þú hefur aðstoðað fyrirtækið með ársuppgjör og skattframtalsgerð undanfarin ár í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410 um faglega aðstoð. Nú er verið að ganga frá ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2019. Það hefur farið í gegnum fordæmalaus tíma undanfarna mánuði og lokað öllum verslunum sínum og nýtt öll úrræði stjórnvalda sem standa því til boða. Eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er uggandi yfir stöðunni og segir að framtíð þess sé mjög óviss. Staðan sé í raun algjörlega í höndum lánardrottna og hvort þeir veiti fyrirtækinu áfram greiðslufresti. Stjórnendur vilja sem minnsta umfjöllun um rekstrarhæfi fyrirtækisins í ársreikningnum.

#### Úrlausnarefni:

- A. Ef stjórnendur hafa enga umfjöllun um óvissu um rekstrarhæfi í ársreikningnum, hvaða áhrif myndi það hafa á áritun endurskoðanda (fagleg aðstoð samkvæmt ISRS 4410). Gerðu drög að árituninni eins og við á.
  
- B. Ef stjórnendur skýra frá óvissu um rekstrarhæfi í skýrslu stjórnar og í skýringum með fullnægjandi hætti, hvaða áhrif myndi það hafa á áritun endurskoðanda (fagleg aðstoð samkvæmt ISRS 4410). Gerðu drög að árituninni eins og við á.

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

#### **Svarið í word-svarskjali**

#### Verkefni 4 – 50 mín.

Íslenska útgerðin hf. (hér eftir ÍÚ hf.) varð í ár eining tengd almannahagsmunum (e. PIE) þar sem það skráði skuldabréf á markað. Mánuði eftir síðasta aðalfund skipaði fyrirtækið endurskoðunarnefnd sem hefur nú formlega tekið til starfa. Á síðasta fundi með endurskoðunarnefnd ÍÚ hf. kom fram að nefndin er mjög áhugasöm um að vita hvaða áhrif það muni hafa á áritun endurskoðandans að fyrirtækið sé orðið eining tengd almannahagsmunum og vilja fræðast nánar um þá áritun, þ.e. hvað hún feli í sér og hvað komi þar helst fram.

Helstu upplýsingar um ÍÚ hf.:

- Tekjur félagsins koma frá mismunandi starfsþáttum.
- Rekstrarfjármunir samanstanda af (1) fasteignum, (2) fiskiskipum og búnaði, (3) áhöldum og tækjum.
- Rekstrarfjármunir í smíðum eru nýtt fiskveiðiskip sem á að klárast á árinu og endurnýjun á tækjabúnaði og stækkun húsnæðis aðalfiskvinnslu fyrirtækisins.
- Óefnislegar eignir samanstanda af viðskiptasamböndum, viðskiptavild og aflaheimildum.
- Birgðir samanstanda af afurðabirgðum og rekstrarvörubirgðum.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samanstanda annars vegar af viðskiptakröfum að teknu tilliti til til mats stjórnenda á niðurfærsluþörf og hins vegar öðrum skammtímakröfum sem eru óverulegar.

Í fylgiskjali 3 má sjá rekstrar- og efnahagsreikning fyrirtækisins úr nýjustu drögum að ársreikningi þess.

#### Úrlausnarefni:

- A. Tengjast hugtökin lykiláhætta (e. significant risk) og lykilatriði endurskoðunar (e. key audit matter)? (10 mín.).**
- B. Hvaða atriði myndir þú setja fram í kaflanum um lykilatriði endurskoðunarinnar í nýrri áritun á reikningsskil Íslensku útgerðarinnar hf.? Gerðu drög að umfjöllun um lykilatriði og hvernig þau væru endurskoðuð, rétt eins og kæmi fram í áritun endurskoðanda (40 mín.).**

#### Svarið í word-svarskjali

## Verkefni 5 – 50 mín.

Endurskoðunarnefnd Íslensku útgerðarinnar hf. (hér eftir ÍÚ hf., sem er sama félag og í verkefni 4) kemur með beiðni til áritunarendurskoðandans um að taka saman minnisblað um innra eftirlit. Lagði nefndin áherslu á að í minnisblaðinu væri umfjöllun um innra eftirlit og hvaða áhrif innra eftirlit og prófanir á því geta haft á endurskoðunaraðgerðir. Fyrirtækið varð í ár eining tengd almannahagsmunum (e. PIE) og er endurskoðunarnefndin nýkomin til starfa. Áritunarendurskoðandinn óskar eftir því að þú takir saman minnisblaðið sem á að hjálpa nefndinni að skilja betur hvernig endurskoðandi nálgast vinnu sína til að ná viðunandi endurskoðunarvissu á flóknum og matskenndum liðum. Í fylgiskjali 3 má sjá rekstrar- og efnahagsreikning fyrirtækisins úr drögum að nýjasta ársreikningi þess.

### Úrlausnarefni:

- A. **Taktu saman stutt og greinargott minnisblað til endurskoðunarnefndar með umfjöllun um innra eftirlit fyrirtækis eins og ÍÚ hf. og hvaða áhrif innra eftirlit og prófanir á því getur haft á endurskoðunaraðgerðir. Til grundvallar svari þínu þarftu að styðjast við upplýsingar úr verkefni 4 og fylgiskjali 3.**
- B. **Gerðu drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. audit procedures) út frá nýjum kröfum ISA 540 fyrir matskennda liði í ársreikningi ÍÚ hf. Gerðu sérstaklega grein fyrir áhrifum eftirlitsaðgerða á endurskoðun á matskenndum liðum sem koma fram í fylgiskjali 3 og hvort sú nálgun geti verið eins fyrir alla matskennda liði ársreikningsins.**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

### **Svarið í word-svarskjali**



## **Verkefni 6 – 30 mín.**

Við erum stödd í febrúar árið 2021. Þú ert verkefnastjóri á endurskoðunarstofu og ert að skoða drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir ferðaþjónustufélagið X-max travel hf. fyrir árið 2020. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Verkefnið kom frá vinnufélaga þínum á ráðgjafarsviði en hann er nú að vinna að áreiðanleikakönnun á félaginu vegna fyrirhugaðrar sameiningar þess við annað ferðaþjónustufyrirtæki. Mjög hefur hallað undan fæti hjá félögum í þessari starfsgrein undanfarin misseri. Það kemur þér því á óvart að sjá að afkoma félagsins á árinu 2020 er alls ekki svo slæm. Þar sem það vantar enn skýringar, sjóðstreymi og skýrslu stjórnar í drög ársreikningsins áttu ekki gott með að átta þig á ástæðum þess að reksturinn gekk þokkalega auk þess sem tiltölulega fáir liðir eru sérgreindir í rekstrarreikningnum.

Þú ákveður að senda aðstoðarmann þinn í heimsókn til X-max travel hf. og fá nánari upplýsingar um rekstur og efnahag félagsins. Þú biður aðstoðarmanninn um að fara yfir fyrrnefnd drög að rekstrar- og efnahagsreikningi með stjórnendunum félagsins, spyrja þá nauðsynlegra spurninga og taka svo saman helstu niðurstöður.

Aðstoðarmaður þinn skilar niðurstöðum sínum skömmu síðar.

### **Úrlausnarefni:**

**Verkefni þitt felst í því að skrifa samantekt til fyrrnefnds vinnufélaga þíns á fyrirtækjasviðinu sem mun nota niðurstöðurnar í áreiðanleikakönnuninni.**

**Lykilatriði er að fram komi hvort þú sjáir eitthvað athugasvert við reikningshaldslega meðhöndlun þeirra liða sem fjallað er um hér á eftir.**

**Taktu afstöðu til allra þeirra atriða sem talin eru upp í sömu númeraröð og liðirnir koma fyrir, þ.e. fjallaðu sérstaklega um hvern og einn lið óháð öðrum liðum. Hafir þú athugasemdir við reikningshaldslega meðferð félagsins vegna einhverra þessara atriða er nauðsynlegt að þú rökstyðjir það.**

Niðurstöður aðstoðarmannsins:

1. Eitt það sem skýrir helst sæmilega afkomu ársins var að í árslok 2020 féllust lykilstjórnendur félagsins á að ógilda kaupréttarsamninga sem gerðir voru við þá fyrir tveimur árum og áttu að verða nýtanlegir í lok árs 2021. Vegna þessa bakfærði félagið gjaldfærslu ársins ásamt gjaldfærslu fyrri ára og leysti á móti upp bundinn eiginfjárreikning vegna kaupréttarsamninga.
2. Lægri afskriftir en á fyrri árum skýrast af því að félagið ákvað í lok ágúst 2020 að taka rútubíla sína úr notkun á tímabilinu september til desember 2020 og hætti þá að afskrifa. Sem betur fer er ferðamannaíðnaðurinn að taka vel við sér og var samkvæmt áætlun byrjað að nýta rúturnar aftur í janúar 2021.
3. Félagið telur líklegt að frumvarp um opinberan styrk til ferðaþjónustufyrirtækja verði fljótlega samþykkt óbreytt á Alþingi enda var fyrstu umræðu um málið lokið um áramót og virðist vera meirihlutastuðningur fyrir frumvarpinu á

Alþingi. Stjórnendur reiknuðu út hversu háa styrkveitingu félagið myndi fá í sinn hlut vegna reksturs ársins 2020 og færðu þá fjárhæð til tekna og eignar.

4. Félagið er að meta kosti þess að endurnýja ferðabókunarkerfi sitt. Smíði kerfisins er ekki hafin en kostnaður við gerð kostnaðaráætlunar og funda með forriturum hjá hugbúnaðarfyrirtæki var færður meðal óefnislegra eigna í efnahagsreikningi.

**Svarið í í excel og/eða word-svarskjali**

## Verkefni 7 – 50 mín.

Eftirfarandi eru upplýsingar um lán sem Fyrirtaksfélagið hf. tók hjá viðskiptabanka sínum. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Lánsfjárhæð	250.000
Tegund láns	Jafnar afborganir af upprunalegum höfuðstól. Áfallnir vextir eru greiddir samhliða afborgun af höfuðstól hverju sinni.
Vaxtakjör	Lánið er óverðtryggt. Það ber 9,0% fasta vexti út lánstímann.
Lántökudagur	1. janúar 2018
Lánstími	5 ár
Greiðslur	Ein greiðsla ár hvert. Hún er innt af hendi í árslok. Fyrsta greiðsla var því 31. desember 2018.
Lántökukostnaður, dreginn af útborgaðri fjárhæð á lántökudegi	2,0%

Í árslok 2019 var félagið komið í veruleg fjárhagsvandræði. Því tókst þó að standa í skilum með greiðsluna sem þá var á gjalddaga. Strax í upphafi árs 2020 hófu stjórnendur viðræður við viðskiptabankann um skilmálabreytingar á láninu.

Eftirfarandi skilmálabreytingar voru gerðar þann 1. janúar 2020:

1. Lánstími var lengdur um 4 ár. Lokagjalddagi verður því 31. desember 2026.
2. Nafnvextir voru lækkaðir í 4,0% og munu haldast fastir út lánstímann.
3. Næstu tvö árin (2020 og 2021) greiðir félagið aðeins vexti af láninu en ekkert af höfuðstólnum. Eftir það greiðir það auk vaxta höfuðstólinn niður með jöfnum afborgunum af lánsfjárhæð, það er 1/5 hluta hvert ár á árunum 2022 til 2026.
4. Engar breytingar voru gerðar á tímasetningum greiðslna. Áfram verður um eina greiðslu á ári að ræða sem verður innt af hendi í árslok.
5. Þóknun bankans fyrir þessar skilmálabreytingar nam 2.000. Þóknunin var greidd strax, þ.e. 1. janúar 2020.

Stjórnendur Fyrirtaksfélagsins eru ánægðir með skilmálabreytingarnar. Þeir könnuðu hvaða vaxtakjör þeir hefðu getað fengið hjá öðrum bönkum á þessum tíma ef þeir hefðu viljað greiða upp núverandi lán með nýrri lántöku. Niðurstaðan var að lán miðað við eðlileg markaðskjör (gangvirði) hefði verið miðað við ávöxtunarkröfuna 12,0%.

### Úrlausnarefni:

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Reiknaðu út bókfærða verðið á láninu eftir greiðslu í árslok 2019 (15 mín.).**

**Sýndu þær bókhaldsfærslur sem Fyrirtaksfélagið hf. þarf að gera þegar skilmálabreytingar lánsins hafa verið samþykktar. Sýndu nauðsynlega**

**útreikninga. Láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningskilanna fært er (35 mín.).**

Ekki þarf að huga að skattamálum í þessu verkefni.

**Svarið í excel-svarskjali**

## Verkefni 8 – 55 mín.

Á dögnum var leitað til þín að halda námskeið um greiningaraðgerðir fyrir starfsmenn í endurskoðun. Það hefur komið í ljós að það sé munur á því hvort og þá hvernig verkefnateymi og verkefnastjórar nota greiningaraðgerðir í endurskoðun. Fyrir námskeiðið gáfu nokkrir samstarfsmenn þínir sig á tal við þig því þeir eru óruggir með notkun greiningaraðgerða í endurskoðun.

**A. Taktu saman með skýrum og greinargóðum hætti hvaða atriði þú teljir við hæfi að fara yfir á námskeiðinu. Að lágmarki þarf eftirfarandi að koma fram (25 mín.):**

- Hvenær greiningaraðgerðir í endurskoðun eiga við.
- Umfjöllun um gerð og framsetningu greiningaraðgerða, m.a. áreiðanleika gagna, þröskulda og frávik.
- Kostir og gallar greiningaraðgerða.

**B. Á námskeiðinu færðu spurningu um hvaða áhrif óvenjulegar aðstæður, eins og vegna Covid-19, hafa á greiningaraðgerðir almennt og beitingu þeirra við endurskoðun fyrirtækja. Hvernig svarar þú þessu? (15 mín.).**

**C. Á námskeiðinu færðu jafnframt spurningu um hvaða áhrif tækniframfarir og notkun greiningartóla hafa á endurskoðun og notkun greiningaraðgerða. Hvernig svarar þú þessu? (15 mín.).**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**